

Árþing SSNE 16. – 17. apríl 2021

Í stjórn SSNE sitja nú ásamt mér, Kristján Þór Magnússon, varaformaður frá Norðurþingi, Jón Stefánsson Eyjafjarðarsveit, Sigurður Þór Guðmundsson Svalbarðshreppi, Þröstur Friðfinnsson Grýtubakkahreppi, Helga Helgadóttir Fjallabyggð og Eva Hrund Einarsdóttir Akureyrarbæ. Ég vil nýta tækifærið og þakka stjórn fyrir ánægjulegt samstarf. Þá vil ég einnig þakka Helga Héðinssyni og Axel Grettissyni fyrir samstarfið en þeir fóru úr stjórn á starfsárinu.

Rúmt ár er síðan að SSNE tók til starfa og má segja að liðið starfsár hafi einkennst að því að koma félaginu á fullt skrið og svo auðvitað Covid. Starfsmenn fóru í mikilvæga heildarstefnumótun fyrir nýja félagið og tók sú stefnumótun mið af samþykktum SSNE, Heimsmarkmiðum SÞ, Byggðaaætlun Byggðastofnunnar og Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Að auki var horft til vinnuferla, gæðamála og gildi tekin fyrir.

Á þessu sérstaka starfsári hefur tvívegis farið fram úthlutun úr Uppbyggingarsjóði. Í júní fór fram sérstök aukaúthlutun vegna Covid-19 sem var tilkomin vegna viðbótarfjármagns af hálfu ríkisins sem var veitt í sóknaráætlanir landshlutanna. Þá voru 37 verkefni sem hlutu styrki að samtals upphæð 42,1 m.kr. Nú í febrúar var síðan komið að árlegri úthlutun og fengu 85 verkefni þá styrki fyrir samtals 75 m.kr. Í febrúar tók stjórn svo ákvörðun um áherslunverkefni samtakanna og var tekin ákvörðun um að styrkja 11 verkefni fyrir samtals 60,7 m.kr. Áhersluverkefni ársins verða kynnt nánar síðar á þessum fundi. Ég tel ástæðu til þess að nefna það að stjórn telur ákaflega mikilvægt að ríkið í samstarfi við sveitarfélögin setji fjármagn í þennan farveg og að bæði samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið eigi skilið hrós fyrir þeirra aðkomu. Á sama tíma væri æskilegt að fleiri ráðuneyti myndu treysta heimafólki með þessum hætti, þá ekki síst atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og umhverfisráðuneytið.

Þess má geta að landshlutasamtökin öll eru sammála um þá áherslu og m.a. vegna þess funduðum við formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtakanna nýlega með ráðherrum þessara tveggja ráðuneyta og var ekki annað að heyra en a.m.k. umhverfisráðherra væri jákvæður fyrir því að setja fjármuni í farveg sóknaráætlana. Samstarf landshlutasamtakanna við ríkið er töluvert og augljóst að ríkisvaldið vill eiga í nánú samstarfi við landshlutasamtökin og mark er tekið á sameiginlegum áherslum svæða. Á það ekki síst við ráðherra og ráðuneyti. Hins vegar var auðvitað leitt að þingmenn kjördæmisins hafi ekki orðið við áskorun aukabings SSNE sem skoraði á þingmenn kjördæmisins að vinna í samstarfi við sveitarstjórnarfólk á Norðurlandi eystra að bættu, skilvirkara, skipulagðara og öflugra samráði við sveitarstjórnarfólk á svæðinu. Þess má þó geta að tveir þingmenn sendu samtökunum póst og lýstu yfir vilja sínum til þátttöku og einn þingmaður hafði samband við formann og sagðist áhugasamur um slókt samstarf. Þingmannahópurinn var ekki hinsvegar ekki samstíga og því líklega til lítils að vinna málið áfram. Við erum þó að sjálfsögðu boðin og búin, breytist afstaða þeirra.

Vert er að nefna úthlutun fjármuna í gegnum Uppbyggingarsjóð og áhersluverkefni tekur fyrst og fremst mið af áherslum Sóknaráætlunar, auk þess sem stjórn horfir sérstaklega til áherslna ársþinga og aukapinga SSNE við ákvörðun um áhersluverkefni samtakanna. Því vil ég nýta tækifærið og hvetja okkur öll til þess að hika ekki við að koma fram með tillögur á þingum er varða Sóknaráætlun sem og að vekja athygli á þeim áherslumálum sem þingið vill koma á framfæri. Aukaping SSNE lagði til að farið yrði í endurskoðun á Sóknaráætlunar þar sem markmiðum og áhersluatriðum verði fækkað og tillaga stjórnar vera kynnt síðar á þessum fundi en fundarmenn hafa fengið þær tillögur sendar fyrir þennan fund.

Byggðaaætlun er annar farvegur við úthlutun á fjármagni til svæðisbundinna verkefna og fara umsóknir í verkefni í byggðaaætlun iðulaga í gegnum farveg landshlutasamtaka og þá oftast ekki í samstarfi við sveitarfélög á starfssvæðinu. Sem dæmi um verkefni og fjármagn sem komið hefur inn á svæðið í gegnum þann farveg á starfsárinu eru:

- C1: Þrjú verkefni: Hraðið, uppbygging frumkvöðlaseturs á Húsavík, 19.000.000 kr. Friðlandsstofa – anddyri friðlands Svarfdæla í Dalvíkurbyggð, 35.000.000 kr. til þriggja ára Gróðurhús í Öxarfirði, 2.000.000 kr.
- A10: Samlegð í farþega- og póstflutningum á Norðausturlandi 2.800.000 m.kr
- C.9: Greining tækifæra og áhrif friðlýstra svæða á nærsvæði þeirra. Skútustaðahreppur í tengslum við verkefnið nýsköpun í norðri 7.000.000 kr.
- C2: Fjármögnun og verkefnastyrkir vegna Brothættra byggðalaga í Grímsey, Hrísey, Öxafirði og Bakkafirði.

Þá eru mörg verkefni byggðaaætlunar sem hafa áhrif á okkar starfssvæði og má þar ekki síst nefna verkefnislið B7, störf án staðsetningar, en í því verkefni hefur t.d. persónuvernd auglýst tvö störf á Húsavík og Ríkisendurskoðun ætlar að opna starfsstöð á Akureyri. Þá hafa starfsauglýsingar birtst okkur án tiltekinnar staðsetningar og vert að nefna að Samband íslenskra sveitarfélaga auglýsti 3 störf án staðsetningar. Hins vegar eru margir hugsi yfir hugtakinu eða hugmyndinni að baki störfum án staðsetningar og rætt um hvort að fremur ætti að ræða um störf óháð staðsetningu eða hreint og beint að færa störf til landsbyggðanna.

Fyrir utan beina aðkomu SSNE að styrkumsóknum þá er það eitt af markmiðum samtakanna að auka styrki inn á starfssvæðið og hafa starfsmenn lagt áherslu á að vekja athygli á ýmsum styrkjum og sjóðum og aðstoða umsóknaraðila þegar við á, auk þess sem samtökin hafa haldið vinnustofu í umsóknarskrifum.

SSNE hefur staðið fyrir eða tekið þátt í ýmsum ráðstefnum, fundum og vinnustofum á starfsárinu. Sem dæmi má nefna ráðstefnuna Fólki færir störf, fyrirtækjaping í Dalvíkurbyggð, málþing um Norðurslóðir, úrgagnsmál á Norðurlandi, Hacking Norðurland, Hæfnihringir, Plastið og framtíðin, Ratsjain og fundur um Covid úrræði stjórnvalda, svo eitthvað sé nefnt.

Stjórn og starfsmenn SSNE hafa lagt ríka áherslu á vandaða upplýsingamiðlun og gagnsæi. Starfsmenn tóku saman upplýsingasíðu miðaða að atvinnurekendum varðandi úrræði ríkis, sveitarfélaga og annarra stofnana til að koma til móts við þann vanda sem skapaðist vegna Covid. Haldnir hafa verið fjölmargir upplýsingafundir með sveitarstjórnarfólki á svæðinu.

Heimasíða félagsins er helsta gátt upplýsinga, mánaðarlegt fréttabréf hefur skipt máli, auk þess sem samtökin halda virkum samfélagsmiðlum bæði á Facebook og Instagram. SSNE eru samtök okkar allra, því er einnig um að gera að hafa samband við starfsfólk eða stjórn eftir því sem við á. Ég vil vekja athygli á því að SSNE kemur að því að skipa og tilnefna í ýmis ráð og nefndir sem eru yfir tuttugu talsins. Upplýsingar um nefndarmenn má finna á heimasíðu félagsins.

Þá er vert að nefna að SSNE tók þátt í íbúakönnunnn sem gerð var meðal íbúa landsins þar sem spurt var út í búsetuskilyrði, hamingju og viðhorfi til síns sveitarfélags. Að könnuninni stóðu landshlutasamtök sveitarfélaga ásamt Byggðastofnun og var hún gerð á íslensku, ensku og pólsku og framkvæmd í september og október síðastliðnum. Íbúasvæði Norðurlands eystra voru þrjú í könnuninni, þ.e. Akureyri, Eyjafjörður (öll sveitarfélög utan Akureyrar) og Þingeyjarsýsla. Heildarfjöldi svara á Norðurlandi eystra var 1.673 en þetta var í fyrsta skipti sem Norðausturland tekur þátt í þessari könnun sem síðast var gerð árið 2017. Við teljum að gögnin geti gagnast vel í vinnu SSNE sem og fyrir sveitarfélög á starfssvæðinu. Þess má geta að Helga María Pétursdóttir hjá SSNE stóð að gerð könnunarinnar ásamt Vífli Karlssyni hjá SSV.

SSNE hefur skrifað undir samning við ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um stofnun áfangastaðastofu á Norðurlandi, í samræmi við samþykkt aukapings samtakanna. Áfangastaðastofur hafa það að meginmarkmiði að stuðla að jákvæðum framgangi svæðisbundinnar ferðaþjónustu með framkvæmd áfangastaðaaætlunar fyrir viðkomandi landsvæði og tryggja að sú áætlun sé í samræmi við m.a. aðra lögbundna áætlanagerð og aðal- og deiliskipulag viðkomandi svæði. Um árabíl hafa landshlutasamtökin tvö á Norðurlandi átt farsælt samstarf við Markaðsstofu Norðurlands. Markaðsstofan mun í framhaldi af fyrrgreindum samningi taka að sér hlutverk áfangastaðastofu fyrir Norðurland. Framkvæmdastjóri MN mun fjalla nánar um áfangastaðastofu á þesum fundi.

Í samræmi við áherslur aukapings SSNE hefur verið skipuð undirnefnd umhverfismála og mun formaður nefndarinnar segja frá störfum hennar hér á þinginu. Að auki ákvað stjórn SSNE að velja umhverfismál sem eitt af áhersluverkefnum samtakanna og horfa þar ekki síst til mikilvægi þess að gera kanna raunhæfni uppbyggingar líforkuvers á svæðinu. Það er ljóst að ársþing SSNE fer með æðsta vald samtakanna og því um að gera að nýta þennan vettvang. Á þessu ársþingi er ætlunin að ræða t.a.m. fjölmenningsarstefnu, atvinnumál og svæðisskipulagsstefnu og verður áhugavert að heyra skoðun árþings í þeim efnum.

Sameiginlegir hagsmunir okkar á Norðurlandi eystra eru fjölmargir, stjórn hefur bókað um nokkur mál, m.a. mótmælt því að framhaldsskólar á Norðurlandi eystra hafi borið skertan hlut frá borði í fjárlögum, um mikilvægi þess að mistöð innanlandsflugs verði áfram í Vantsmýrinni þar til annar eða betri kostur hefur verið tekinn í notkun. Þá bókaði stjórn óánægju sína með loðið og óljóst frumvarp um nýsköpun í tengslum við áætlanir um að leggja niður Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þá samþykkti stjórn svohljóðandi tillögu að aðgerð í Byggðaaætlun „*Almennt verði gert ráð fyrir því að, að minnsta kosti, þriðjungur einstaklinga*

sem tilnefndir eru í stjórnir, ráð og starfshópa á vegum ríkisins séu búsettir utan höfuðborgarsvæðisins.“

Þá mun ég leggja fram tillögu til ályktunar ársþings í tengslum við þessa bókun stjórnar, en hún verður formlega lögð fram undir liðnum önnur mál. En til þess að vekja athygli á henni þá yrði hún svo hljóðandi: „Árþing SSNE leggur til að í nýrri byggðaaætlun verði aðgerð sem feli í sér að almennt sé gert ráð fyrir því að, að minnsta kosti, þriðjungur einstaklinga sem tilnefndir eru í stjórnir, ráð, nefndir og starfshópa á vegum ríkisins séu búsettir utan höfuðborgarsvæðisins. Þá skorar árþing enn fremur á fyrirtæki og félagasamtök sem starfa á landsvísi að horfa til sömu meginreglu.“ Þá tillögu ræðum við betur síðar á þinginu.

Stjórn telur að starf samtakanna gangi vel og vil ég fyrir hönd stjórnar þakka öllu starfsfólki innilega fyrir þeirra framlag og gott samstarf – sem og þeim fjölmörgu aðilum sem samtökin eiga í samstarfi við.

Hilda Jana Gísladóttir, formaður SSNE.